

Ed.

23. Frumvarp til laga

[23. mál]

um afnám laga nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Lög nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um afnám laga nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss að til að efla traust á íslenska gjaldmiðlinum, eyða mismunun við sölu erlends gjaldeyris og koma í veg fyrir óeðlileg viðskipti með gjaldeyri og með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga Íslendinga í gjaldeyrisráðgjafi um beri brýna nauðsyn til að afnema álag á ferðagjaldeyri.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar svohljóðandi:

1. gr.

Lög nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. júlí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Jón Helgason.
(L. S.)

Þór Vilhjálmsson.

Albert Guðmundsson.